

Nd.

427. Frumvarp til laga

[215. mál]

um breyting á lögum nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

7. gr. 3. mgr. orðist svo:

Sveitarfélög standa straum af kostnaði við eftirlit samkv. lögum þessum, hvert á sínu svæði. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um tilhögun eftirlitsins einnig hvaða efnun megi blanda saman við matvæli og í hvaða magni.

2. gr.

Ný málsgr. er verður 7. gr. 4. mgr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt samkv. sérstakri gjaldskrá að leggja gjald á þær vörur sem háðar eru eftirliti til þess að mæta að hluta eða fullu þeim kostnaði sem sveitarfélög verða fyrir vegna eftirlits skv. þessum lögum. Sveitarstjórnir innheimta gjöld þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem er fylgifrumvarp tveggja annarra, eru lagðar til vissar breytingar á lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Samkvæmt núgildandi lögum hvílir sú skylda á ríkissjóði að standa undir kostnaði vegna eftirlitsins skv. lögnum. Þetta er órauhæft þar sem allt heilbrigðiseftirlit skv. l. nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er á kostnað viðkomandi sveitarfélaga. Jafnframt hefur þessi skylda ríkissjóðs verið túlkuð svo að rannsóknir eigi að falla undir eftirlitshlutverkið og því greiðast af ríkissjóði. Hefur verið varið til þessara rannsókna ákveðinni fjárhæð árlega. Þótt deila megi um lagaskyldu ríkissjóðs til þess að standa undir þessum kostnaði verður að ætla slíka skyldu helgaða fyrir langa venju. Það er því skoðun ráðuneytisins að breyta þurfi nefndum lögum til þess að afnema þessa venju.

Að öðru leyti eru breytingar einungis þær að gert er ráð fyrir því að setja megi í reglugerð ákvæði um aukaefni í matvælum. Er þessi heimild samhljóða heimild í lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 en á betur við hér. Í núgildandi reglugerð um eftirlit með tilbúningi og dreifingu matvæla og annarra neyslu og nauðsynjavara nr. 250/1976 er sérstakur aukefnalisti. Auk þess er gert ráð fyrir því að gjöld skv. sérstakri gjaldskrá renni til viðkomandi sveitarfélaga en ekki ríkisins. Þess skal getið hér að þótt ríkið hafi haft þessa heimild frá öndverðu hefur henni ekki verið beitt.

Að öðru leyti vísast til fylgifrumvarpanna tveggja, þ. e. a. s. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins, og enn fremur til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.